

Framleiðnisjóður landbúnaðarins afla ítarlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu viðkomandi, gerð skal skuldbreytingaáætlun sem kynnt er lánardrottnum. Ríkisábyrgð skal þá fyrst veitt þegar allir lánardrottnar hafa samþykkt að vinna eftir þeirri áætlun.

## 7. gr.

Nú verður ekki skuldbreytt hjá einhverjum aðila skv. reiknaðri viðmiðun og skal þá Framleiðnisjóður landbúnaðarins gera tillögur til landbúnaðarráðherra um hvernig þær viðmiðanir skulu nýttar.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í l. nr. 112/1989 um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur og staðfestu deiliskipulagi Skúlagötusvæðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. febrúar 1990 staðfest uppdrátt sem sýnir breytta landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur á staðgreinireitum 1.1522 og 1.1523 sem markast af Lindargötu, Skúlagötu og Frakkastíg en þar verður blandað íbúðar- og miðbæjarsvæði í stað íbúðasvæðis og þá breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis að hótélbygging og íbúðabygging verður á staðgreinireit 1.1523 og á hluta staðgreinireits 1.1522.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*